

**Nd.**

**973. Nefndarálit**

[38. mál]

um frv. t'l l. um breyt. á og viðauka við lög nr. 29 26. maí 1976, um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Einhver viðkvæmustu ágreiningsmál á íslenskum vinnumarkaði eru deilumál, sem upp koma milli hinna stóru landssambanda ASÍ og BSRB um samningssvið, samningssvæði og félagsaðild starfsfólks á vinnustöðum þar sem starfsmenn geta ýmist verið í aðildarfélögum ASÍ eða aðildarfélögum BSRB. Hjá ýmsum op'nberum og hálfopinberum stofnunum ríkis og sveitarfélaga skarast nokkuð „landamerki“ þessara landssamtaka launafólks — hafa raunar aldrei verði mörkuð. Hefur þetta á umliðnum árum skapað talsverða togstreitu og flutning starfsfólks fram og til baka milli félaganna eftir því hvernig samningamál hafa staðið hverju sinni. Eru þess jafnvel dæmi, að hætta hefur þótt á að heil stéttarfélög innan ASÍ gætu lagst niður eða stórveiklast af þessum sökum, og hafa risið harðar landamerkjadeilur milli landssamtakanna og einstakra félaga innan þeirra af þeim orsökum. Hafa þá á stundum gengið harkalegar ásakanir á milli forustumanna þar sem einn hefur horið annan þeim sökum að ástunda landvinninga í því skyni að krækja í félagsgjöld og fjölga meðlimum stéttarfélags síns, en hlotið þau andsvör að standa sjálfur í vegi fyrir að launafólk fengi að njóta hagstæðustu kjara sem í boði væru innan þeirra félaga, sem náð hefðu þeim hagstæðustu kjörum fram í samningum. Þá er einnig nokkur hópur fólks, sem stendur utan viðkomandi landssamtaka, tekur þó laun samkvæmt kjarasamningum þeirra, en hefur ekki rétt til áhrifa eða afskipta af þeirri samningagerð. Enn einn hópurinn er svo til, sem t. d. vinnur um skeið eða lengur á kjörum samkvæmt kjarasamningum annarra landssamtakanna sem hér um ræðir, en á félagsaðild og greiðir félagsgjöld í aðildarfélögum hinna landssamtakanna. Hefur oft orðið mikill krytur milli stéttarfélaganna innan BSRB annars vegar og ASÍ hins vegar vegna þessa fólks.

Allt styður þetta nauðsyn þess, að íslenski vinnumarkaðurinn verði kortlagður upp á nýtt og m. a. skarpari skil verði gerð milli landssamtaka launafólks en nú á sér stað. Í því sambandi er vitnað til samþykktar þings Alþýðusambands Íslands um starfsgreinasambönd, sem aldrei hefur náð fram að ganga, og frumvarps um sama efni, sem liggur nú fyrir Alþingi frá Vilmundi Gylfasyni.

Við gerð kjarasamninga á s. l. hausti voru þessar landamerkjaprætur m. a. ræddar af ASÍ og BSRB hvoru í sínu lagi við fjármálaráðherra. Niðurstaðan af þeim umræðum varð sú, að ráðherrann hét hvorum samtökunum um sig tiltekinni úrlausn án þess þó að hvor vissi þar af öðrum. Þannig hét fjármálaráðherra BSRB þeirri breytingu á samningssviði BSRB, sem fram kemur í 1. gr. frv., en þar er tekið fram að BSRB skuli einnig geta farið með kjarasamningamál vegna starfsmanna sjálfseignarstofnana, sem starfa í almannabágu, stofnana, sem eru í fjárlögum, o. s. frv., eins og nánar segir í frumvarpsgreininni. Fram hefur komið hjá fulltrúum BSRB, sem mætt hafa á fundi fjárhags- og viðskiptanefndar, að þetta fyrirheit ráðherrans um lagabreytingu á samningssviði BSRB hafi verið forsenda þess, að samningar voru við hann gerðir á s. l. hausti.

Um svipað leyti undirritaði fjármálaráðherra hins vegar yfirlýsingu til ASÍ um sanbærilegt efni, sem hér er prentuð sem fylgiskjal. Í yfirlýsingunni hét ráðherra því að gera enga breytingu á samningsvenjum, láta félagi innan ASÍ og sérsambanda þess njóta forgangsréttar til allra starfa, sem nú eru samningsbundin við ASÍ, og að gera ekki samninga við aðra aðila um þau störf, sem félagsmenn ASÍ starfa nú við.

Í þessu viðkvæma landamæradeilumáli hafði fjármálaráðherra sem sé gert samkomulag við báða um að selja báðum sama „landið“, og er það eftirtektarvert, að ASÍ vissi ekki um samkomulag ráðherrans við BSRB og BSRB vissi ekki um samkomulag ráðherrans við ASÍ fyrr en umrætt frv. hafði verið lagt fram og vakin hafði verið athygli á því.

Strax og það hafði verið gert gekk varaforseti ASÍ á fund fjárhags- og viðskiptanefndar og það þess eindregið, að nefndin legði ekki til staðfestingu á ákvæði 1. gr. frv. þar eð með þeim væri felld úr gildi yfirlýsingin til ASÍ sem yrði að sjálfsögðu að víkja fyrir skýlausum lagafyrirmælum, ef samþykkt yrðu, sem gengju í gagnstæða átt. Undirritaður nefndarmaður fékk sömu eindregin tilmæli frá ýmsum öðrum stjórnarmönnum í stéttarfélögum innan ASÍ og er kunnugt um að framkvæmdastjórn Verkamannasambands Íslands lagði höfuðkapp á það við formann sinn, sem á einnig sæti í fjárhags- og viðskiptanefnd, að hann legðist gegn ákvæðum 1. gr. og fengi henni breytt, enda gæti hún, ef að lögum yrði, haft alvarlegar afleiðingar fyrir aðildarfélag VMSÍ og ýmis önnur félög faglærðs og ófaglærðs fólks innan ASÍ. Vissi undirritaður nefndarmaður ekki annað en samstaða hefði tekist milli hans og umrædds nefndarmanns í fjárhags- og viðskiptanefnd og annarra nefndarmanna um flutning breytingartillögu við 1. gr. frv. þar sem tillit væri tekið til óska ASÍ og VMSÍ og jafnframt til þess að varðveita það meginsjónarmið BSRB áfram í frumvarpinu að færa þeim fjölmörgu starfsmönnum, er utan félagi standa, en vinna á BSRB-kjörum, rétt til þess að taka þátt í að ákvarða og greiða atkvæði um þau kjör. Hafði slíkri tillögu raunar verið lýst á fundi fjárhags- og viðskiptanefndar um málið, m. a. sem sameiginlegri tillögu undirritaðs og hv. þm. Guðmundar J. Guðmundssonar, er endanlegri afgreiðslu var frestað af nefndarformanni. Það var svo fyrst í gær sem upplýstist að hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson væri fallinn frá flutningi umræddrar brtt., sem hann hafði raunar áður fallist á að gerast 1. flm. að, en horfnum til liðs við 1. gr. í upphaflegri mynd í trausti yfirlýsingar um nýja túlkun fjármálaráðherra á eðli og tilgangi greinarinnar og eftir allnokkrar viðræður við ráðherrann að sögn.

Hin nýja yfirlýsing ráðherrans, sem þrír nefndarmenn hyggjast gera að sinni, birtist sem fylgiskjal með álitinu þessu. Efnisatriði hennar eru mjög einföld og ljós. Þau eru á þá lund, að fjármálaráðherra tjáir nefndinni að hann hafi aldrei ætlað lagagreininni að þjóna þeim tilgangi, sem um er fjallað í greininni og fulltrúar BSRB höfðu m. a. lýst fyrir nefndinni, heldur því einvörðungu að veita sér heimild til þess að taka við umboði frá umræddum sjálfseignarstofnunum o. fl. til þess að semja við BSRB um kaup og kjör félagsmanna í BSRB ef stofnanirnar bæðu hann þess. Ráðherrann þarf ekki frekar lagaheimild til þess að veita slíku umboði viðtöku en hann þarf að fá heimild Alþingis til þess að taka við sendibréfum, enda mun það

vera skoðun stjórnar BSRB að með þessari yfirlýsingu hafi fyrst tekið steininn úr hjá ráðherranum og viti nú enginn lengur hvað horfi út og hvað suður í afskiptum hans af málinu. Ekki þótti þó ástæða til þess að gefa fulltrúum BSRB kost á að ræða hin nýju viðhorf við nefndina áður en frá málinu var þar gengið. Forseti og varaforseti ASÍ komu þó til fundar við nefndina skv. ósk undirritaðs og töldu þeir, að með hinni nýju yfirlýsingu um, hvernig skilja bæri greinina öðruvísi en í henni segði, væri málið viðunandi — þó betra ef efnisatriði yfirlýsingarinnar kæmu í laga- greinina sjálfa til þess að taka af öll tvímæli og sneiða hjá þeim ágalla málsins að þurfa að taka strikið út í lagagreininni, en venda suður í túlkuninni.

Undirritaður nefndarmaður hefur gert ítrekaðar tilraunir til þess að ná samkomulagi í nefndinni um flutning breytingartillagna. Fyrst var reynt að ná samkomulagi um flutning breytingartillögu, sem varðveitti óskertan þann megintilgang BSRB, að með frv. væri þeim fjölda starfsmanna, sem vinnur á BSRB-kjörum, en stendur utan félagsaðildar og hefur því ekki rétt til afskipta af samningagerð BSRB, veittur sá réttur án þess þó að það skerti á nokkurn hátt samningssvið og félags- svæði annarra stéttarféлага né hefði áhrif á réttindi og skyldur starfsfólks gagnvart þeim félögum né skerti umsaminn forgangsrétt ASÍ-féлага til starfa. sem ASÍ-félagar hafa með höndum. Mikill meiri hluti hafði náðst í nefndinni um þá breytingartillögu þegar 1. flm. hennar hljópst óvænt undan árum að höfðu samráði við fjármálaráð- herra.

Þá gerði undirritaður tilraun til þess að ná samkomulagi um breytingu grein- arinnar þannig að efnisatriðin í bréfi fjármálaráðherra til nefndarinnar frá 18. maí yrðu tekin inn í 1. gr. Ekki fékkst samkomulag um það heldur.

Eins og málið er nú orðið er það hið versta klúður, þar sem ráðherra er orðinn margsaga og enginn veit hvaða stefnu viðkvæm deilumál milli ASÍ og BSRB gætu tekið verði 1. gr. frv. að lögum. Engum er greiði gerður með slíku heljarstökki út í náttmyrkrið ofan á allan þann kollskít, sem stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar hafa verið látnir taka í sorta liðins vetrar. Verst er þó ef menn koma svo þungt niður úr þessu heljarstökki. að þeir brjóti í myrkrinu sum þeirra stéttarféлага láglaunafólks, sem erfiðasta vígstöðu eiga í kjarasamningagerð, og skilji þau eftir sundruð og mátt- vana. Of hafa forustumenn í verkalýðsbaráttu, sem sæti eiga og hafa átt á Alþingi, þurft að ganga gegn hagsmunum umbjóðenda sinna varðandi tímabundnar aðgerðir á sviði launamála. Aldrei hefur hins vegar á það reynt, að óvissar aðgerðir, sem gætu stefnt í átt til félagslegrar upplausnar stéttarféлага, stæðu eða féllu með atkvæði sumra þekktustu trúnaðarmanna íslenskrar verkalýðshreyfingar, sem fyrir það hafa verið kjörnir á þing — fyrr en þá nú.

Undirritaður nefndarmaður hefur ekkert við aðrar greinar frv. að athuga en þá fyrstu og mun fúslega greiða atkvæði með þeim. Í ljósi þess, hvílikt klúður málefni 1. gr. eru orðin, út í hvaða óvissu menn eru þar að stefna og hverjar afleiðingarnar gætu orðið, telur hann hins vegar að Alþingi eigi að gefa fjármála- ráðherra eilítið meira ráðrúm til þess að átta sig og ná samkomulagi við stéttar- félögin um lausn, sem lægi ljóst fyrir hver væri, og við BSRB um skýrari og mikilvæg réttindamál, og leggur því til að 1. gr. frv. verði felld.

Alþingi, 19. maí 1981.

Sighvatur Björgvinsson.

## Fylgiskjal I.

### FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ

31. október 1980.

Alþýðusamband Íslands  
Síðumúla 37

Í framhaldi af viðræðum fulltrúa ríkisstjórnarinnar og ASÍ gefur fjármálaráðuneytið út eftirfarandi yfirlýsingu:

Félagar innan ASÍ eða sérsambanda þess njóta forgangsréttar til allra þeirra starfa sem nú eru sammingsbundin við ASÍ.

Ekki verða gerðir samningar við aðra aðila um þau störf sem félagsmenn ASÍ starfa nú við.

Þetta tekur til starfa á vegum ríkisins, stofnana þess og fyrirtækja.

**Ragnar Arnalds.**

## Fylgiskjal II.

### FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ

18. maí 1981.

Fjárhags- og viðskiptanefnd  
neðri deildar Alþingis

Að gefnu tilefni vegna umræðna um 1. gr. bráðabirgðalaga nr. 68/1980 vill ráðuneytið taka eftirfarandi fram:

Lagagrein þessari er eingöngu ætlað að opna leið fyrir þær sjálfseignarstofnanir og aðrar stofnanir, sem undir hana falla, til að afhenda fjármálaráðherra umboð til að semja fyrir þeirra hönd við BSRB og aðildarfélög þess um kjör þeirra starfsmanna sem eru í BSRB. Þetta gildir þó einungis í þeim tilvikum að stjórn viðkomandi stofnunar ákveði að afhenda fjármálaráðherra slíkt sammingsumboð. Ákvæðið breytir á engan hátt sammingsstöðu annarra launþegasamtaka við ríkið, sbr. bréf fjármálaráðherra frá 31. 10. 1980 til ASÍ. Í bréfi þessu segir að félagar innan ASÍ eða sérsambanda þess njóti forgangsréttar til allra þeirra starfa sem nú eru sammingsbundin við ASÍ. Ekki verði gerðir neindir samningar við aðra aðila um þau störf, sem félagsmenn ASÍ starfa nú við, og að þetta taki til starfa á vegum ríkisins, stofnana þess og fyrirtækja. Yfirlýsing þessi mun einnig gilda gagnvart öllum stofnunum sem fjármálaráðherra kann að fá sammingsumboð fyrir.

Meginregla laganna um kjarasamninga BSRB er sú, að fjármálaráðherra fari einn með vinnuveitendahlíð þeirra kjarasamninga sem gerðir eru samkvæmt lögum. Frá þessari meginreglu eru tvær undantekningar. Önnur er sú að forsetar Alþingis gera sérkjarasamning við starfsmenn Alþingis, en hin að sveitarstjórnir gera aðal- og sérkjarasamninga við starfsmenn sína. Bráðabirgðalögin nr. 68/1980 breyta engu í þessu efni. Það skal enn tekið fram að ofangreind lagagrein kemur því einungis til framkvæmda að stjórn viðkomandi stofnunar ákveði að afhenda fjármálaráðherra umboð sitt til samningagerðar við starfsmenn. Enn sem komið er hefur ákvæðið ekki komið til framkvæmda.

**Ragnar Arnalds.**

*Dorsteinn Geirsson.*